

AUGLÝSING

um breytingu á skilmálum deiliskipulags við Skeiðarás 2 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á skilmálum deiliskipulags iðnaðar- og þjónustulóða við Skeiðarás frá 1984. Breytingin felst í því að heimilt verður að reisa mastur á lóðinni við Skeiðarás 2. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 18. maí 2001.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hamragarða, Vestur-Eyjafjallahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps þann 21. mars 2001 samþykkt deiliskipulag frístundasvæðis í landi Hamragarða, Vestur-Eyjafjallahreppi.

Deiliskipulagið tekur til um 26,5 ha svæðis og er þar gert ráð fyrir 11 frístundahúsalóðum og svæðum til skógræktar.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vík, 18. maí 2001.

F.h. sveitarstjórnar,

Sveinn Pálsson skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 783/1998 um viðbótarlán.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Tekjumörk miðast við meðaltekjur síðustu þriggja ára fyrir umsókn um viðbótarlán samkvæmt skattskrá og ljósriti af skattframtali fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra. Við mat á því hvort umsækjandi um viðbótarlán er undir tekjumörkum skal líta til meðaltekna umsækjanda síðustu þriggja ára áður en umsókn um viðbótarlán er afgreidd. Með meðaltekjum er átt við heildartekjur einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks og barna, 20 ára og eldri, sem búa á heimilinu.

Tekjumörk vegna viðbótarlána miðast við að árlegar meðaltekjur nemi eigi hærri fjárhæð en 2.037.000 kr. fyrir hvern einstakling og 340.000 kr. fyrir hvert barn að 20 ára aldri sem býr á heimilinu. Viðmiðunartekjur hjóna og sambúðarfólks skulu vera 40% hærri en hjá einstaklingi, þ.e. 2.852.000 kr.

Fjárhæðir skv. 2. mgr. taka breytingum samkvæmt breytingum á vísitölu neysluverðs janúarmánaðar ár hvert miðað við grunnvísitölu og skulu vera í heilum þúsundum króna. Félagsmálaráðherra lætur árlega reikna út og birta nýjar fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu.

Húsaleigubætur teljast ekki til tekna skv. 1. mgr.

Með sambúðarfólki er átt við skráða sambúð karls og konu, er eiga sameiginlegt lögheimili samkvæmt þjóðskrá.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Eignamörk miðast við heildareign, að frádregnum heildarskuldum samkvæmt síðustu skattskrá eða ljósriti af skattframtali fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra. Eignamörk eru 2.200.000 kr.

Fjárhæð skv. 1. mgr. tekur breytingum samkvæmt breytingum á vísitölu neysluverðs janúarmánaðar ár hvert miðað við grunnvísitölu og skulu vera í heilum þúsundum króna. Félagsmálaráðherra lætur árlega reikna út og birta nýjar fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 30. gr. og 50. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, öðlast gildi 1. júní 2001.

Félagsmálaráðuneytinu, 11. maí 2001.

Páll Pétursson.

Óskar Páll Óskarsson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúa uppsveita Árnessýslu á erindum án staðfestingar byggingarnefnda.

1. gr.

Byggingarfulltrúi uppsveita Árnessýslu afgreiðir án staðfestingar byggingarnefnda, mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum, svo sem minniháttar breytingar og endurbætur, t.d. sólpallar og pottar, en ekki nýbyggingar, úthlutun lóða, gerð byggingarskilmála og tillögur um nöfn gatna og bæja. Telji byggingarfulltrúi vafa leika á því skal hann tafarlaust hlutast til um að umsókn sé lögð fyrir byggingarnefnd til úrlausnar.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa samkvæmt þessari grein skulu hljóta staðfestingar hlutadeigandi sveitarstjórna í uppsveitum Árnessýslu með sama hætti og samþykktir byggingarnefnda.

2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur gefið út byggingarleyfi ef framkvæmdin uppfyllir öll ákvæði laga og reglugerða sem við geta átt, að tveimur skilyrðum uppfylltum:

1. Að byggingastjóri og iðnmeistarar hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð, sbr. 44. gr., 51. gr., og 52. gr. byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum.
2. Tilskilin gjöld vegna byggingaframkvæmdanna hafi verið greidd.